

- e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti reglum um hundahald (þ. m. t. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrir mælum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um minniháttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Eyrarsveitar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. maí 1977.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl. til að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði svo og af vélum, vélahlutum og varahlutum til aðvinnslu sömu vara, enda sæki iðnfyrirtæki er framleiða slíka vöru um niðurfellingu eða endurgreiðslu til fjármálaráðuneytisins, sbr. 2., 3. og 4. gr.

Samkeppnisiðnaður í auglýsingu þessari tekur einungis til iðngreina sem framleiða vörur sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum samnings um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE). Til skýringar skal jafnframt tekið fram að til véla í þessu sambandi teljast ekki vöruþyftur, loftræstitæki, kynditæki né önnur tæki sem eru fylgifé fasteigna.

2. gr.

Umsókn um niðurfellingu eða endurgreiðslu skal send ráðuneytinu í skriflegu erindi þar sem gerð skal grein fyrir viðkomandi framleiðslu, aðföngum þeim sem njóta skulu tollaívilnana og þýðingu þeirra fyrir framleiðsluna. Til frekari skýringar skulu fylgja erindinu tæknilegar upplýsingar um vöruna, teikningar, myndir og/eða sérstök lýsing.

3. gr.

Umsókn um niðurfellingu aðflutningsgjalda af einstökum vörusendingum, þegar við tollafgreiðslu, skal fylgja auk þeirra gagna sem nefnd eru í 2. gr. aðflutnings-skýrsla ásamt öllum skjölum sem afhenda ber vegna tollmeðferðar vöru, sbr. 18. og

19. gr. tollskrárlaga. Vörureikningur þarf þó eigi að vera bankastimplaður. Við útfyllingu aðflutningsskýrslu skulu aðflutningsgjöld eigi reiknuð.

Tollmeðferð samkvæmt þessari grein er jafnframt bundin þeim skilyrðum að innflutningur sé allur á nafni framleiðanda sem skal lýsa því yfir á framlagðri aðflutningsskýrslu að varan sé eingöngu flutt inn til eigin nota við framleiðslu á nánar tiltekinni iðnaðarvöru.

Ráðuneytið getur veitt fyrirtækjum heimild til að fá tiltekna efnivöru tollafgreidda án greiðslu aðflutningsgjalda án þess að til ákvörðunar ráðuneytisins komi hverju sinni. Óski fyrirtæki slíkrar heimildar skal þess getið sérstaklega í erindi þess. Teljast gögn þau sem nefnd eru í 2. gr. fullnægjandi í slíkum tilvikum.

Ráðuneytið getur bundið almenna heimild samkvæmt 3. mgr. skilyrðum sem við kunna að eiga hverju sinni.

4. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal auk skriflegs erindis, sbr. 2. gr., jafnframt borin fram á sérstöku eyðublaði sem fjármálaráðuneytið lætur gera í þessu skyni. Skal umsókn fylgja samrit aðflutningsskýrslu (bleikt eintak) með tollafgreiðslustimpli viðkomandi tollfyrivalds, og afrit vörureiknings.

Umsókn skal jafnframt m. a. tilgreina eftirfarandi:

- a. Tollskrárnúmer hvernar vöru og vörulýsingu.
- b. Tollverð (cif-verð) hvernar vöru um sig og upphæð greiddra aðflutningsgjalda.
- c. Fjárhæð umbeðinnar endurgreiðslu af hverri vöru fyrir sig.
- d. Heildarfjárhæð endurgreiðslubeiðni.

5. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal hafa borist fjármálaráðuneytinu innan sex mánaða frá tollafgreiðslu vöru og nema minnst 50 000.00 kr. til að vera endurgreiðsluhæf.

Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina að uppfyllt séu skilyrði 2. mgr. 3. gr., fyrirvari hafi verið gerður á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu um endurgreiðslu aðflutningsgjalda síðar og allar upplýsingar séu skilmerkilega færðar.

6. gr.

Framleiðandi samkeppnisvöru sem fær endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar skal tilgreina endurgreidd aðflutningsgjöld sérstaklega, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hennar.

7. gr.

Úrskurður ráðuneytisins um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda er fullnaðarúrskurður í hverju því máli sem fjallað verður um samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar.

8. gr.

Reglum þessum getur ráðuneytið breytt án fyrirvara.

9. gr.

Auglýsing þessi birtist til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 10. maí 1977.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Þorsteinn Geirsson.